iö MÓRÓÚNBLÁbÍÐ'FIMMTÚDAGUR Í. MAÍ '1989

Helgitákn og guðspeki
Myndlist
Bragi Ásgeirsson

Sýning verka sænska listmálar-
ans og og guðspekingsins Hilmu
af Klint í sölum Listasafns ís-
lands á efri hæð kalla óneitanlega
á nokkrar hugleiðingar.
Flestum mun kunnugt um, að
frumform í sinni upprunalegustu
mynd, blöndun þeirra innbyrðis,
svo og ýmis frávik, hafa í sér
táknræna merkingu. Þessi merk-
ing getur verið trúarlegs eðlis, en
einnig skírskotað til hins efnislega
og þannig táknar ferhyrningurinn
hinar fjórar höfuðskepnur og jafn-
framt hinar fjórar höfuðáttir. Sé
svo settur kross inn í rými fer-
hyrningsins, leiðir það hugann að
forgengileik allra hluta, að leg-
steini með krossi á eða jafnvel
glugga á fangelsi. Þannig má vísa
til skilgreiningarinnar, „að jarðlíf-
ið væri ekkert annað en dapurleg
dýflissa, værum við okkur ekki
vitandi um mátt andans".

Ferhyrningur í líki steins með
krossi undir sér getur verið tákn
þyngdar jarðarinnar; trúarinnar,
að það sé ekkert til æðra hinum
fjórum höfuðskepnum. Hér er
einnig kominn sá skilningur, að
heimurinn sé líkastur helvíti, von-
laust hyldýpi tortímingarinnar.
Kross ofan á ferningi í líki
steins (ferningi heimsins) er aftur
á móti ímynd vonarinnar; hann
er orðinn að tré lífsins, sem vex
upp úr gröfinni, möguleikanum á
endurlausninni og upprisunni. Hér
er beinlínis komið tákn „visku-
steinsins", sem sagður er vera hin
eilífa æska og getur miðað ódauð-
leika.

Við erum hér að fjalla um frum-
tákn, og þannig segir okkur Ling-
ham eða hin indversku trúar-
brögð, að þríhyrningurinn með
miðoddi, sem veit upp sé tákn
getnaðarmáttar mannsins, og þar
með skapandi Krafta guðs. Snúi
þríhymingurinn öfugt þannig að
oddurinn veit niður, er komið hið
kvenlega heimstákn, hið fæðandi
skaut.

í evrópskri gullgerðarlist er
hinn upprétti þríhyrningur tákn
loganna, sem leita upp á við, hins
karlmannlega elds eða elds karl-
mennskunnar. Snúi oddurinn nið-
ur, er það tákn hækkunarinnar,
heilagra skýja himinsins og fjall-
anna, þaðan sem vatnið rennur
til jarðarinnar.
Ef maður lætur svo báða
þríhyrningana falla inn í hvorn
annan, þá er fyrir Indverja komið
samband hinna skapandi og fæð-
andi krafta, tákn ástar hins guð-
lega til heimsins og heimsins til
hins guðlega. Sem sagt samein-
ing, sem allt verður úr um alla
eilífð.

í Evrópu þekktu menn þessi
tákn frá austrinu m.a. sem Daví-
ðsstjörnuna, og alþýðutöfra, og
svo sem sagnir herma frá Gyðing-

um og sígaunum, er það svo til
allsstaðar notað sem vörn gegn
illum öflum.

Þannig má endalaust halda
áfram að skírskota til trúarlegs
og jaðnesks tákngildis frumforma
og hér má minna á tákngildi
ýmissa dýrategunda t.d slöngunn-
ar, en hún kemur ansi víða við í
þjóðtrúnni og hefur mikið verið
notuð sem tákn í myndlistinni og
þá ekki síst á síðustu tímum. A
sama hátt hafa litirnir hver fyrir
sig táknrænt gildi og einnig í
samruna sínum. Gult er tákn karl-
mannsins en blár táknar konuna.
Þegar þessir tveir litir blandast
saman er komið grænt og sá litur
táknar ósjálfrátt og rökrétt samr-
una karls og konu, — og hann
er tákn fyrir sjálfa náttúruna en
þó ekki í líkamlegum skilningi.
Bleikir og rauðir litir eru svo tákn
ástríðanna og ástarguðsins.

Frumform í hinni aðskiljanleg-
ustu merkingu, eru fjarri því að
vera nein nýjung í sjálfu sér, en
að nota þau á merkingarlausan
og óhlutlægan hátt svo sem gert
var í núlistum í byrjun aldarinnar
var hins vegar nýjung. Þau voru
þá öðru fremur notuð, sem form
í sjálfu sér til að byggja upp
myndheildir í rými myndflatarins,
— rökréttar og hnitmiðaðar. Og
liturinn var þá einungis litur í
sjálfu sér og að mestu sviptur sínu
táknræna gildi. Frumformin og
innbyrðis leikur þeirra, svo og
teikningar út frá þeim hafa þann-
ig verið notuð um árþúsundaskeið
í hvers konar helgiathöfnum um
alla jarðkringluna svo og sem al-
menn helgitákn, — liturinn einnig.
— Það kemur mér þannig nokk-

uð spánskt fyrir sjónir, að list-
sögufræðingar nútímans skuli
falla í stafi yfir því, að guð- og
dulspekingurinn Hilma af Klint
skuli nota almenn helgitákn í
myndum sínum, og tengja athafn-
ir hennar því, sem verið var að
gera á sama tíma, en á allt öðrum
forsendum og af allt öðrum hvöt-
um.

Og þetta gæti naumast skeð,
ef þeir væru ekki uppfullir af því
nú á dögum að tengja alla skap-
aða hluti í myndlist hugmynda-
fræði og margvíslegustu tegund-
um af goðafræði. Sem í sjálfu sér
er svo sem í besta lagi í ýmsum
tilvikum, en kemur manni mjög á
óvart í öðrum, og er þá líkast sem
viðkomandi hafi tengt verkið
goðafræði, sem skapandinn gerir
sér enga eða litla grein fyrir.
Gangi listamenn markvisst og
meðvitað út frá goðafræði í list
sinni, er það í himnalagi en sé
henni einungis blandað í listsköp-
unina í þeim tilgangi að réttlæta
hana, er erfitt að skilja tilganginn.
Mér finnst þannig erfitt að
skilja tilganginn með því, að
tengja myndir Hilmu af Klint
myndsköpun brautryðjenda óhlut-
læga málverksins í Evrópu, fyrir
það eitt, að hún notaði sömu frum-
form og stundum á svipaðan hátt,
þótt myndir hennar teljist merki-
legar út af fyrir sig. Fyrir henni
var þetta vísast á engan hátt
markviss leit að nýjum sannindum
í forminu sjálfu, heldur þræddi
hún vísast stafróf helgitákna af
mikilli samviskusemi.

Það er svo allt annað mál, að
á sundum koma fram mjög hnit-
miðaðar og formrænar lausnir

Hilma af Klint listmálari og
guðspekingur.

ásamt nákvæmri myndbyggingu
og samræmdum litahrynjandi svo
sem í sumum hinna stóru mál-
verka á sýningunni í listasafninu.
En þá bætir hún og einatt ein-
hverjum trúarlegum táknum við
í myndbygginguna, sem enginn
mikill núlistamaður hefði látið sér
detta í hug á sama tíma og iðu-
Iega raska heildinni.
Það mun þó rétt ályktað, sem
fram kemur, að dulræn áhrif eiga
sinn þátt í tiíorðningu óhlutlægrar
listar, en menn voru einmitt mjög
uppteknir af slíkum hlutum fyrir
og eftir aldamótin og þá ekki síst
vegna tilkomu röngten-geislanna
og menn hófu að gegnumlýsa
lífræna hluti þetta var meira að
segja eitt af skemmtiatriðunum á
mörkuðum og tívolíum tímanna
og hafði gríðarlegt aðdráttarafl á
fólk. Edvard Munch fékk hér m.a.
trúlega hugmyndina að hinum
dularfullu árum svo og æðunum
í myndum sínum t.d. við þrykk-
ingu trérista sinna, er hann sá tré

gegnumlýst. Hinir mjúku rönt-
gengeislar gengu í gegnum tréð,
skildu eftir för af samsetningu
þess, árhringjum og kvistum.
Menn voru og uppteknir af áru
mannsins og dýrslegu iíkamlegu
segulmagni. Og seinna fylgdi
stóraukinn áhugi á spíritisma og
guðspeki,^ og sá áhugi barst og
einnig til íslands svo sem kunnugt
er.

Það voru og einmitt tímar
Hilmu af Klint og má af því ráða,
hve samkvæm hún var samtíma
sínum í myndveröld sinni, og það
er þetta, sem telst henni öðru
fremur til tekna sem listamanni,
og hér er hún einstök.
En hins vegar veit ég ekki full-
komlega, hvort jafn táknræn og
meðvituð list geti talist óhlutlæg,
þótt flöt frumformin séu óspart
notuð, því að þau eru hluti af
beinni skírskotun til umheimsins
og guðspekinnar — eins konar
táknmál líkt og bókstafir og orð
í ritmáli. En skírskoti maður ein-
ungis til formanna, en ekki tákn-
ræns innihalds þeirra, þá er hér
auðvitað komin hrein óhlutlæg
list, en þá er saga óhlutlægu list-
arinnar líkast árþúsundum eldri
en í annálum stendur og engan
veginn afkvæmi tuttugustu aldar-
innar.

Strangt til tekið er það hárrétt,
því að formin eru þau sömu, en
forsendurnar aðrar.
Málverk Hilmu af Klint eru
öðru fremur, eins og þau bera
með sér, spíritískur boðskapur að
handan og miðlun guðspekilegra
sanninda í formum og litum. Hins
vegar síður árangur beinna rann-
sókna um eðli forma og lita.
Sýningin á verkum Hilmu af
Klint vekur menn þannig til um-
hugsunar og er vissulega drjúgt
innlegg í myndræna rökræðu
dagsins, og það telst ótvírætt
styrkur hennar.

Að gljábrenna
Myndlist
Bragi Asgeirsson

Sú tækni í myndlist, sem nefn-
ist „emalering" á erlendum mál-
um og útleggst smelti á íslenzku,
felst í gh'ábrennslu litar og yfir-
borðs. Er hér um að ræða æva-
forna tækni, sem er í því fólgin,
að lituð, fljótandi glerefni eru
unnin og brennd á málm, leir eða
glergrunn. Elstu varðveittu smel-
tiverkin eru frá öðru árþúsundínu
fyrir Krists burð.
Til eru margar tegundir smeltis
og fer allt eftir tækni og undir-
grunni. Smelti hefur verið notað
til hinna smærri sem stærri
skreytinga í kirkjum og klaustrum
um aldaraðir og í hinum margví-
slegasta öðrum tilgangi á síðari
tímum.

Hér er um mjög algenga aðferð
að ræða nú á tímum og er m.a.
kennd í sumum skólum hér. Höf-

uðkostir hennar eru þeir, hve ein-
föld tæknin er og hve ferskir og
skýrir litirnir verða við brennsl-
una.

Ýmsar tegundir smeltisverka
hafa sést á sýningum hér, en ég
held, að ekki hafi áður verið hald-
in sérsýning á málverkum, sem
unnin eru í þessari tækni sérstak-
lega fyrr en nú, er Einar Hákon-
arson ríður í vaðið með sýningu
í miðjum austari sal Kjarvals-
staða.

Einar Hákonason þarf ekki að
kynna, því að hann hefur haldið
fjölmargar stórar og smáar sýn-
ingar um dagana og staðið fram-
arlega í félagsmálum myndlistar-
manna.

Það er ferskur blær yfir þess-
ari sýningu Einars og er auðséð,
að kynnin við hina fornu en
frísklegu tækni hafa losað um
sköpunarkraftinn og aukið honum
ásmegin í listrænum athöfnum.
Það er eiginlega langt síðan
Einar hefur mætt jafn ferskur til

Einar Hákonarson

leiks og á þessari sýningu, og ein-
mitt þetta dæmi ætti að sanna,
hve nauðsynlegt er fyrir myndlist-
armenn að hjakka ekki stöðugt í
sama farinu í sinni sérgrein held-
ur leita fanga í öðrum tækni-

brögðum, eftir því sem verkast
vill. Sérhæfingin er því miður far-
in að tröllríða listheiminum ekki
síður en í almennum störfum á
vinnumarkaði og er í raun and-
stæð skapandi athöfnum. Það er
einmitt lífsnauðsynlegt fyrir hinn
skapandi listamann að hvíla sig
reglulega í sinni sérgrein með því
að leita fanga í einhverjum hliðar-
greinum.
Beri maður útkomuna í þessari
tækni við málverk Einars frá und-
anförnum árum, er það s'áandi,
hversu miklu mýkri og tærari lita-
meðferð hans er. Það sérstaka
tilfmningaflæði, sem hefur ein-
kennt myndir Einars lengi vel,
kemst hér öllu betur til skila. Má
af því ráða, að þessi vinnubrögð
henti Einari mjög vel, og að hon-
um sé óhætt að leggja sig allan
fram í þessari tækni enn um
stund. Byrjunin lofar góðu, því
að þetta er árangurinn af nám-
skeiði og verkstæðisvinnu um
mánaðarskeið undir leiðsögn
Knut-Yngve Dahlbach úti í Gauta-
borg.

Upphafið lofar þannig góðu og
því er lag...

Leif Ove Andsnes
Tónlist

Jón Asgeirsson

Norski drengurinn Leiv Ove
Andsnes lék á norrænni tónlistar-
hátíð sem haldin var hér í
Reykjavík sl. haust og vakti leikur
hans þá mikla athygli. Margir
telja hann einn efnilegasta píanis-
tann á Norðurlöndum og svo vitn-
að sé í Runar Mangs.er ritar í
sænska blaðið Dagens Nyheter,
þá segist hann „efa það að hafa
á langri starfsævi heyrt slíkan

píanóleik" og heldur áfram: „Ég
yrði hissa ef hr. Andsnes tækist
ekki mjög fljótlega að vinna sér
það nafn, að verða talinn meðal
áhugaverðustu píanista heims.
Leiv Ove Andsnes lék sl. þriðju-
dagskvöld fyrir styrktarfélaga
Tónlistarfélagsins í íslensku ópe-
runni en á efnisskránni voru verk
eftir Chopin, Grieg og Schubert.
B-moll sónatan eftir Chopin var
feikna vel leikin, tæknilega og
músikalskt með mikilli áherslu á
andstæður í styrk og hraðabreyt-
ingum sem Andsnes hafði full-
komlega á valdi sínu. Sorgarmars-Leif Ove Andsnes

inn var sérlega stílhreinn og án
þeirrar yfirtúlkunar, sem þessi
kafli hefur verið mótaður af.
Skersóið var glæsilegt og sömu-
leiðis, var hinn sérkennilegi lo-
kakafli verksins, sem er „eins í
báðum höndum", ótrúlega vel
leikinn.

í lýrisku verkunum, 8. hefti,
op.65, eftir Grieg, lék Andsnes
ekki aðeins tæknilega vel, heldur
á þann hátt sem þeir einir geta
sem gert hafa tæknina að þjón-
ustu listarinnar. Þetta kemur oft

hvað best fram þegar ekki er þörf
á mikilli tækni, en við því á tækni-
þrællinn ekkert svar, ekkí frekar
en Leirulækjar-Fúsi, þegar álfur-
inn bauð honum flotið. Hjá Ands-
nes eru smáatriðin og einföld
hljómbrigði jafn þýðingarmikil og

þær tóntiltektir sem reyna á
tæknigetuna og þannig tekst hon-
um að skerpa andstæðurnar á
skemmtilegan hátt en ef til vill á
kostnað alvöru og djúphygli.
Auðvitað á Andsnes eftir að
þroskast og tóntúlkun hans að
dýpka með árunum en svona
stílhrein en samt persónuleg túlk-
un eins og heyra mátti hjá þessum
unga snillingi og ekki þá síst í
þremur Moments Musicaux og
a-moll sónötunni (Op. posth. 143),
eftir Schubert, gefur fyrirheit um
að hér sé á ferðinni efni í heim-
spíanista. Sem aukalag lék Ands-
nes Chaconne eftir Carl Nielsen,
skemmtilegt verk, sem snillingur-
inn ungi lék frábærlega vel.